

Stofnun Árna Magnússonar
í íslenskum fræðum



Kristín Bjarnadóttir

Algilt -i eða hverfult?

Um þágufall eintölu í sterkum hvorugkynsnafnorðum

24. Rask-ráðstefna 30. janúar 2010

kristinb@hi.is

Stofnun Árna Magnússonar
í íslenskum fræðum



„með engifer“ 129 (1910-2009) „með engiferi“ 12 (1980-2009)

grasker með **engifer** og timjan

hlutlausu bragði eða krydda með **engifer** eða kanil svo dæmi séu tekin.

Humar með **engiferi**, að hætti kokksins

Hún mælir einnig með safa með **engiferi**, sem virkar vermandi í
kuldanum

„með saffran“ 50 (1970-2009) „með saffrani“ 19 (1950-2009)

Hrísgrjónapílafl með **saffran** og saltfiski

hrísgrjón soðin í kjúklingasoði, borin fram með **saffran** og osti,

segjast þeir ekki yera með marga rétti með **saffrani** á matseðlinum

Þá er kryddað með **saffrani** og hvitvíni.

*Dæmi af **Tímarit.is***



Algild ending eða hverful?

1. **Í formdeild** t.d. þágufall eintölu í sterkum hvorugkynsorðum:

Algild ending: engar undantekningar eru til.

Hverful ending: a.m.k. tvær endingar koma til greina og skipta orðum í beygingarflokka.

Í málfræðibókum er **-i** talin (nánast) algild ending í þgf.et.hk.sb.

2. **Í einstöku orði:** Afbrigði eða ekki. Ending er hverful í orði ef hún birtist stundum og stundum ekki.



Beygingarkerfi og beygingarlýsing

Málfræðibækur: Yfirlit yfir beygingarkerfið

Skipt í beygingarflokka eftir kenniföllum eða -myndum

Fáir beygingarflokkar, fá dæmi

Stefnt er að **algildum reglum**

(ofansækið/„top-down“)

Beygingarlýsing íslensks nútímamáls (BÍN):

Lýsing á beygingu einstakra orða

Skipt í beygingarflokka eftir öllum beygingarmyndum og afbrigðum innan beygingardæmis

U.þ.b. 270.000 beygingardæmi, 550 beygingarflokkar

(neðansækið/„bottom-up“)



Valtýr Guðmundsson. 1922. *Íslandsk grammatik.*

§ 155. Intetkønsordene danner kun én Klasse, idet de alle har -s i G. Sg. og er uden Endelse í N. Pl. Men da deres Bøjning iøvrigt kan være ret forskellig, maa der opstilles ikke mindre end 8 Bøjningsmønstre. (bls. 70)

Eina mynstrið án þágufalls-i er **tré**:

§ 159. Som **trje** bøjes kun tre Ord,... nemlig: *fje...*, *hlje...*, *hnje (knje) ...*
(bls. 72)

Beygingardæmi VG: *borð land kyn tré*

hreiður meðal klæði ríki

Alls 258 orð ...



Halldór Halldórsson. 1950. *Íslensk málfræði*.

Orðið **kné** (> **hné**, sjá § 115) og **tré** eru að uppruna wa-stofnar. Í þgf. et. þeirra orða féll i brott (**knéi** > **kné**; **tréi** > **tré**), **en hefir nú verið bætt við aftur (þgf. hnéi, tréi)**.... Orðið **fé** er að uppruna u-stofn og endaði því á **-ar** í ef. et. **féar**, er með samdrætti varð **fjár** (bls. 87)

3 beygingardæmi gefin, 66 sterk hvorugkynsorð nefnd hjá HH 1950.

Tímarit.is: “hnéi” 131 dæmi (1930-2009; mest 1980-1989)

“knéi” 15 dæmi (1910-2009)

“tréi” 148 dæmi (1890-2009; mest 2000-2009)

Stofnun Árna Magnússonar
í íslenskum fræðum



Kristján Árnason. 1980. Íslensk málfræði.

Flokkun nafnorða í nútímaíslensku í beygingarflokka er meðal þeirra verkefna sem bíða málfræðinga framtíðarinnar. Nafnorðabeygingin er svo fjölbreytileg og svo mörg mismunandi beygingarmynstur, að ært getur óstöðugan.

(Seinni hluti, bls. 66-67)

Beygingarflokkar hafa ekki enn verið klappaðir í stein . . .

. . . en hvernig á að vinna þetta?



Hvorugkynsnafnorð í BÍN

	Grunnorð	Samsett orð	Fleirtöluorð
Sterk beyging	4.139	70.178	133/5.248
Veik beyging	120	285	1/5.309
Alls	4.259	70.463	134/5.309

Heildarorðaforði í BÍN: 270.813

Nafnorð: 234.808

Lýsingarorð: 26.211

Sagnorð: 7.690

Tölur frá 26.1.2010



Meginskipting sterkra hvorugkynsnafnorða í BÍN

Þgf./ef.et.

- i -s blóð blý gler; höfuð hérað forað sumar hundrað hafald megin;
langaloft illagil Fremra-Höfuð
- i -0 hlass
- 0 -r fé
- 0 -s hné; *talent evangelíum*
- 0 -0 bridds; Gíbraltar
- 0 -0/-s Mexíkó
- 0 -s/-0 Ísrael
- 0/-i -s bíó
- i/-0 -s glúten
- 0* -s beltí greni; altari súkkulaði einvígi; mjóaseiði, þ.e. stofngerðin **Xi**.

Afgangur: bogr; söl kjör (ft)

**Tökuorð,
(nánast) öll fleirkvæð.
Landaheiti.**



Tökuorð: **bíó** -0/-i og **glúten** -i/-0

Alltaf stóð til, í leikhúsi eða **bíó**, að gera eitthvað í hléinu ...

Nú, hún er þá sýnd í einhverju öðru **bíói**.

Þetta þekkir maður nú ekki af eigin raun, kannast bara við það úr **bíó**.

Nú, hún er þá víst sýnd í **Stjör nubíó**. (Dæmi HSK)

Google: "úr Háskóla bíó "	86	"úr Háskóla bíói "	315
"fundur í Háskóla bíó "	13	"fundur í Háskóla bíói "	27
"sýnd í Háskóla bíó "	23.800	"sýnd í Háskóla bíói "	35.000
"var í bíó "**	381.000	"var í bíói "	35.500

(ath. *farið var í bíó!*)

Tímarit.is: **glúten** (þgf.et.) 1 **glúteni** (þgf.et.) 15

Stofnun Árna Magnússonar
í íslenskum fræðum



Gögn við dæmaleit fyrir BÍN

Málfræðibækur

Orðabækur

Ritmálssafn Orðabókar Háskólans

Textasafn Orðabókar Háskólans

Tímarit.is

Vefurinn (Google/†Embla)

Vonarpeningurinn: Mörkuð íslensk málheild
og aðrir markaðir textar . . .



Fleiri dæmi um tvímyndir: Tímarit.is

var byrjaður eitur, drepinn með **arsenik**.

Frakklandskeisari var myrtur með **arseniki**,

Hvönn er svolítið lík **fennel**,

ásamt brytjuðu **fenneli**

Í línunni er rakagefandi og kæl- andi sjampó með **mentól**,

öndunarbalsam með **mentóli**.

drasl sem áhorfendur hentu á leiðinni heim úr **bíó**

Það er eins og að ganga út úr **bíói** í hléi.

?

meiri skattpeningar, bæði vaskurinn úr **Hagkaup** og Bónus

jólafötin úr **Hagkaupi**,

Gallabuxur og hlý peysa úr **Hagkaupum**.

Stofnun Árna Magnússonar
í íslenskum fræðum



Landaheiti með -i: Leitað á Google

rolegur það er ekki að fara að koma til Íslands frá **Írani** sem er sko 500 milljarða km frá Íslandi

‘Eg vona að [X] hætti í pólitík því ég held að hann sé bedri í einkuru öðru og svo vil ég benda á að við mamma þekjum eina mann frá **litháeni** og hann .

klóstið var fucked up..anyways hitti fullt af fólki..bögggaði reyndar einn ítalskan strák full mikið því ég var svo viss um að hann væri frá **portúgali**.

Vid erum hérna í beinni frá **Portúgali** (eins og einhver myndi segja).

Leitað var að þágufalls-i („**frá Xi**“) í 82 orðum af þessu tagi.
Niðurstaðan var að þágufalls-i væri ekki notað í landaheitunum.



Landaheiti, eignarfall í hvorugkyni

	Perú	Perús	Mexíkó	Mexíkós	Ísrael	Ísraels
„til X“	534	3	1.908	81	1.302	2.509
„forseti X“	228	20	212	21	20	198
„ríkisstjórn X“	20	1	17	0	9	184
„höfuðborg X“	139	2	17	0	4	50
„milli X og“	36	3	23	1	83	539
„landamæri X“	10	0	48	6	13	229
„strönd X“	46	2	37	2	1	11
	32/1		20,3/1		0,38/1	

Haití/Haitís: 3.871,4/1

Þágufalls-i er ekki haft í þessum orðum

„Á“ að hafa –s?



Landaheiti, eignarfall í hvorugkyni: „til X“

Bakstaða	-0	-s		
-[á e i ú æ]	10.134	4	2.533,5/1	Perú Síle* (11)
-í	24.411	11	2.219,2/1	Haítí Malaví (7)
-ó	22.127	40	553,2/1	Mexíkó Marokkó (9)
-n (ekki –an)	15.687	1.197	13,1/1	Líbanon Litháen (9)
-r	12.912	194	66,5/1	Katar Gíbraltar (10)
-s	7.197	0	---	Hondúras Túnis (5)
-[m k t d]	15.560	17.320	0,9/1	Írak//Kúveit Mósambík (7)
-l	17.770	33.776	0,5/1	Portúgal Ísrael// Nepal Senegal
-an	30.239	78.165	0,4/1	Afganistan Íran Japan Pakistan//Kasakstan Súdan (11)



Þágufallsending í hvorugkynsnafnorðum í BÍN

Einkvæð orð:

*é:	-0	<i>fé hné kné tré</i>
*í:	-i/(-0)?	<i>ath. prí ví sí pí (kurt og pí)</i>
Landaheiti:	-0	<i>Sviss Tsjad Gvam (erlend landaheiti o.p.h.)</i>
*Cs:	-0?	<i>bridds</i>
Annars alltaf	-i	<i>...</i>

Fleirkvæð orð I:

Xur Xi	-i	<i>hreiður . . . ; dýpi . . .</i>
Xald Xund	-i	<i>kafald hörund</i>
Xað Xang	-i	<i>forað boldang . . .</i>
-arí/-erí/-irí	-i	<i>bríarí skytterí fiskirí</i>



Fleirkvæð tökuorð úr BÍN

Niðurstöður vantar!

- íf/-tíf: statíf mótíf
- ak/-ek/-ik: salmíak ammoníak diskótek apótek arsenik
- ar/-er: seminar númer korter
- at: núggat súkkat apparat sítat
- í/-ý: hobbí boddí viskí partí/partý
- ó: avókadó radíó tyggjó bíó diskó dómínó
- íð/-ýð: karbíð díoxíð lýsergýð
- al/-el/-ol/-ól: ritúal módel fennel symból alkóhól vitríól kólesteról
- am/-em/-ím/-óm: islam balsam morfem próblem ensím atóm
- an*: própan saffran lóran metan
- en/-ín/-on/-ún: mólýbden kúmen kókaín krínólín asetón látún
- et: buffet signet átorítet
- íum/-um: baríum serum

I: -i

II: -i -o -i/-o -o/-i eftir orðum

III: -o



Sterk hvorugkynsnafnorð: Algilt þágufalls-i eða hverfult?

1. **-i** er (sennilega) **algild** þágufallsending í **einkvæðum og viðskeyttum íslenskum (erfða)orðum**
2. **-i** er **hverful** þágufallsending í **fleirkvæðum tökuorðum** sem heild.
A. Stofngerð getur ráðið þágufallsendingu í tökuorðum: *statíf* (-i), *baríum* (-0). Þetta þarfnast frekari rannsókna.
B. -i er **hverful** þágufallsending í fjölmörgum tökuorðum; þau hafa **tvö afbrigði** í þágufalli. Skoða þarf merkingarmun og merkingarsvið orðanna.
3. **-0** er (sennilega) **algild** þágufallsending í **erlendum landaheitum** (og sambærilegum orðum).

Stofnun Árna Magnússonar
í íslenskum fræðum



Takk fyrir!

Allar ábendingar um BÍN eru vel þegnar.

<http://bin.arnastofnun.is>

kristinb@hi.is

Stofnun Árna Magnússonar
í íslenskum fræðum

þvart sem þi e undr edr þvart þa er
rett at þe taki þin sinn skyn. en þæ
n þvart þi stary sit. **R. B. E. K.** Þeki
en iord iudi þin er þvart er az alu



þuka. þngla ok
þara. nema in
lögum se þ kort.
þ þu rest in þvart manz. þa þ þ